

**122/ 64 fundur**

Miðvikudagskvöldið 27. febrúar 2002, kom hreppsnefnd saman til fundar að Langanesvegi 2.  
Fundur hófst kl. 20.10

Mættir: Henry Mór Ásgrímsson, Steinn Karlsson, Gunnlaugur Ólafsson, Aðalbjörn Arnarsson og Björn Ingimarsson. Oddviti boðaði veikindaförföll.

Varaoddviti bauð menn velkomna óskaði eftir að taka á dagskrá bréf frá Svalbarðshreppi til kynningar og bréf frá Brunavörnum Norð-austur svæðis til afgreiðslu. Samþ. samhljóða.

**Dagskrá:****1. Fundargerðir nefnda og ráða.**

- Hreppsnefndarfundur 24.01.02
- Aukafundur hreppsn. 31.01.02
- Landbúnaðarnefnd 29.01.02 Samþ. samhljóða
- Landbúnaðarnefnd 06.02.02 Samþ. samhljóða
- Skólamálaráð 30.01.02 Samþ. samhljóða
- Hafnarnefnd 28.01.02 Samþ. samhljóða

**2. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.**

- Stjórn Hafnarsambands sveitarfélaga 11.01.02 og 08.02.02. Kynning
- Eyping 16.01.02

**3. Skýrsla sveitarstjóra**

- Björn flutti skýrslu sína.

**4. Innsend erindi til afgreiðslu:**

- Samningur um afnot af Brimnesreka. Samningurinn samþ. samhljóða.
- Erindi frá ferðamálanefnd v. Langanesferða og vegagerðarmála á Langanesi. Vísað til fundar með Sigurði Oddssyni, erindi um vegagerðarmál, þann fund sæti fulltrúi frá ferðamálanefnd og landbúnaðarnefnd. Samþ. samhljóða
- Langanesferðir, samþ. samhljóða að fyrirkomulagið verði með svipuðu móti og áður.
- Athugasemdir landbúnaðarnefndar við þingsályktunartillögu um eflingu ferðaþjónustu á norðaustursvæði Íslands.

*Björn lagði fram eftirfarandi tillögu, "Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps lýsir furðu sinni á þingsályktunartillögu (þingskjal 213) um eflingu ferðaþjónustu á norðausturhorni Íslands sem lögð er fram án samráðs við sveitarstjórnir á svæðinu, að því okkur er kunnugt.*

*Veigamiklir þættir í skáldlegri greinargerð stangast á við markaða stefnu um nýtingu lands í okkar sveitarfélagi. Sveitarfélagið, bændur og Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis hafa tekið höndum saman um að styrkja og efla sauðfjárrækt, og þar með atvinnu á svæðinu. Það er einnig okkar mat að búskapur, ferðamennska og útivist fari vel saman á þessu svæði.*

*Vafasamt verður að telja að setja fram tillögu/greinargerð, sem ef til vill eyðir fleiri ársverkum en hún aflar. Tillaga okkar er sú að greinargerð þessi verði dregin til baka og samráð verði haft við heimaaðila um frekari framvindu."*

*Samþ. samhljóða.*

· **Samtök herstöðvarandstæðinga.**

"Kjarnorkuvopnalaust sveitarfélag". Yfirlýsing um kjarnorkulaust sveitarfélag samþ. samhljóða og Birni falið að ganga frá málinu.

· **Stuðningur við Stígamót.**

Hafnað. Björn lagði fram eftirfarandi tillögu: "Sveitarstjórn Þórshafnarhrepps samþykkir að í framtíðinni verði hafnað hverskonar fjárbeiðnum frá félögum og/eða landhlutasamtökum en einkorða styrkveitingar til eigin svæðis eða aðila því tengdu. Samþ. samhljóða

· **Ósk um niðurfellingu hluta fasteignagjalda vegna húsnæðis við Bakkaveg 2.**

Hafnað niðurfellingu vatnsgjalds, enda slíkt ekki heimilt en húseiganda bent á að sækja um endurgreiðslu á sorphirðu og sorpeyðingagjöldum síðar á árinu. Samþ. samhljóða. Birni falið að svara bréfinu.

· **Fyrirspurn Grenjaness ehf. varðandi sölu á Bakkaveg 13. Bréf dags. 21.02.02.**

Eftirfarandi bókun samþ. samhljóða. " Ekki hafa verið uppi áform um sölu á húsnæði sveitarfélagsins að Bakkaveg 13, komi til þess að áhugasamir aðilar með áform um umsvif í atvinnustarfsemi, sem sköpuðu aukin atvinnutækifæri á staðnum, falist eftir kaupum á eigninni, yrði sala tekin til skoðunar."

· **Brunavarnakerfi. Bréf frá Brunavörnum Norð-austurs svæðis. Samþ. samhljóða.**

**5. Innsend erindi til kynningar.**

- Aukafundur Hafnasambands sveitarfélaga um frumvarp til hafnalaga 01.03.02
- Björn mun sitja þennan fund fyrir hönd Þórshafnarhrepps.
- Ráðstefna um umhverfismál sveitarfélaga 08.03.02
- Hlutdeild sveitarfélaganna í þróun vísitölu neysluverðs sl. 12. mánuði.
- Bréf dags. 27. feb.02 frá Svalbarðshreppi. Vísað til samrekstrarnefndar.

**6. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2002.**

- Fyrri umræða. Björn kynnti áætlunina. Vísað til seinni umræðu.

Fundargerð lesin upp og samþ. samhljóða.

Fundi slitið kl. 23.20

Kristín Kristjánsdóttir, ritari.